

Ed.

150. Frumvarp til laga

um bæjanöfn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða eða kauptúna má vera nafnlaust.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna, þeim, er talin eru í fasteignabók, má eigi breyta nema að fengnu leyfi ráðherra.

4. gr.

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða eða kauptúna nema með leyfi ráðherra.

5. gr.

Nú vill eigandi húss í kaupstað eða kauptúni gefa húsi sínu nafn samkvæmt 2. gr., eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu.

Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkárlegt. Eigi má taka upp nafn, sem annað hús í sama kaupstað eða kaupþúni er nefnt.

6. gr.

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda ráðherra beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýrt frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim staðháttum lýst í umsókninni. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda.

Breytingu á nafni býlis skal eigi leyfa nema sérstakar ástæður mæli með því. Við upptöku nýnefna skal þess gætt, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi.

Samnefni á býlum í sömu sýslu má ekki leyfa.

7. gr.

Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Leyfisbréfið sendir ráðherra sýslumanni, og ber honum að láta þinglýsa því á næsta manntalsþingi.

Fyrir leyfisbréfið greiðir umsækjandi 25 kr. í rikissjóð, er sýslumaður innheimtir, auk lögákveðins gjalds fyrir þinglýsingu leyfisins.

Þinglýstu nafni á býli utan kaupstaða eða kaupþúna má eigi breyta nema með leyfi ráðherra.

Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir nöfn þau, sem leyft hefir verið að taka upp á árinu, svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1932.

8. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp áður en lög þessi öðlast gildi og eigi eru talin í fasteignabók 1932.

Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

9. gr.

Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Skal álits nefndarinnar leitað um allar umsóknir um leyfi til breytinga á nafni býlis og um upptöku nýs nafns á býli. Nefnd þessi skal og hafa eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera landsstjórninni til ráðuneytis um önnur málefni, er varða hverskonar staðanöfn hér á landi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum vörðað sektum, allt að 500 kr., er renna í rikissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 31 20. okt 1913, um bæjanöfn.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo látandi athugasemdir:

Núgildandi lög, nr. 31 20. okt. 1913, um bæjanöfn, eru orðin að ýmsu leyti ófullnægjandi. Sérstaklega vantar öll ákvæði um nöfn á nýbýlum.

Þá þykir og rétt að fella inn í löginn nokkur ákvæði um nöfn á húsum í kaupstöðum og kauptúnum (2. og 4. gr.), svo og að setja nokkru fyllri ákvæði um ástæður umsækjanda fyrir nafnabreytingu býlis (6. gr.).

Rétt þykir í þessu sambandi að lögfesta nefnd þá, „örnefnanefnd“, er atvinnu-
málaráðherra skipaði 3. des. 1935 til þess að afla ábyggilegra upplýsinga um örnefni, bæði rétt heiti og rithátt, til notkunar við landmælingar og uppdráttagerð af landinu. Nefnd þessi hefir starfað síðan aðallega að þessu verkefni, en jafnframt hefir ráðuneytið leitað álits nefndarinnar um umsóknir um nafnabreytingar á býlum.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 6. marz 1937.

Örnefnanefndin.

Nefnd þessa skipaði atvinnu-
málaráðherra með bréfi, dags. 3. des. 1935, til þess að afla ábyggilegra upplýsinga um örnefni, bæði rétt heiti og rithátt, til notkunar við landmælingar og uppdráttagerð af landinu.

Þegar á fyrsta fundi nefndarinnar var rætt um verkefni það, sem nefndinni var falið, og þótti mönnum það of þröngt. Eftir nokkrar umræður var próf. Ólafi Lárussyni falið að semja tillögur til breytingar við lög nr. 31 20. okt. 1913, um bæjanöfn á Íslandi, í samræmi við álit nefndarinnar.

Frumvarp þetta liggur nú fyrir, og hefir nefndin falið mér að senda það til ráðuneytisins ásamt greinargerð, með tilmælum um, að ráðuneytinu þóknist að hlutast til um, að það verði borið fram á Alþingi því, er nú situr.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga,
formaður.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.